

**101. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
6. mars 2019 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varafirmaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Ingunn Ríkharðsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1901191 - Innritun í leikskóla 2019

Innritun í leikskóla haustið 2019.

Ingunn Ríkharðsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn.

Samþykkt er að inntaka barna verði í samræmi við rekstraráætlun leikskólanna fyrir árið 2019 enda mikil vinna lögð í að ná endum saman við gerð rekstraráætlunar.

Pannig verði börnum sem fædd eru frá 1. júní 2017 - 30. apríl 2018 boðið leikskólapláss á komandi skólaári. Börnum fæddum í maí 2018 verður boðin innritun í samræmi við laus pláss í leikskólum, elsta barn fyrst og svo koll af kolli eins og pláss leyfir.

Bessi ákvörðun er í samræmi við þá ákvörðun sem tekin var við innritun barna haustið 2018. Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássi á Akranesi er enn við störf. Nú þegar hefur þeirri vinnu verið flýtt eins og unnt er svo hægt sé að taka ákvörðun um framtíðaruppbryggingu í leikskólamálum á Akranesi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Bára Daðadóttir
Ragnar Sæmundsson
Sandra M. Sigurjónsdóttir*